

EFNISTAKA Á KOLLSTAÐAMÓUM Í LANDI KOLLSTAÐA Á FLJÓTSDALSHÉRAÐI Ákvörðun um matsskyldu

INNGANGUR

Þann 7. nóvember 2012 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Verkfræðistofu Austurlands f.h. landeiganda um stækkun efnistökusvæðis á Kollstaðamóum í landi Egilsstaða 2/Kollstaða á Fljótsdalshéraði samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 2 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Fljótsdalshéraðs, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Austurlands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Fljótsdalshéraði með bréfi dags. 22. nóvember 2012, Fornleifaverndar ríkisins með bréfi dags. 26. nóvember 2012, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 1. desember 2012 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 12. nóvember 2012. Frekari upplýsingar bárust frá Verkfræðistofu Austurlands með tölvupósti dags. 4. desember 2012.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að um sé að ræða stækkun á námu sem hafi verið opin í mörg ár á Kollsstaðamóum, vestan við enn eldra námusvæði austan Djúpagilslækjar, sem starfrækt hafi verið frá 1944 fram undir 1980. Sótt verði um leyfi til að taka efni á 21.000 m² til viðbótar alls 80.000-100.000 m³. Áframhaldandi rekstur námunnar sé þéttbýlinu á Egilsstöðum mikilvægur sökum nálægðar hennar við það, sem stuðli að framboði á ódýru fyllingarefni. Náman sé u.þ.b. 2 km sunnan við þéttbýlið á Egilsstöðum og liggi 500 m langur námuvegur frá þjóðvegi að námusvæði, að mestu um eldri hluta námusvæðis. Stækkun námusvæðisins verði í hvarfi við lága klettahæð frá þjóðvegi séð og verði lítið áberandi. Frá 1980 hafi verið tekið efni á svæðinu á u.þ.b. 50.000 m², en tæpum helmingi þess sé að stórum hluta búið að eða verið að loka með rekstri tipps fyrir verktaka, þar sem gengið er frá jarðvegsúrgangi frá þéttbýlinu á Egilsstöðum.

Áhrif á gróður og fugla. Fram kemur að Kollstaðamóar séu þurrt mólendi vaxið fjalldrapa og lyngi, sem standi nokkuð hærra en deiglendi til suðurs og samskonar móar til vesturs og norðurs, sem halli til norðurs niður að Lagarfljóti. Móarnir séu stórbýfðir vaxnir berjalyngi og fjalldrapa með stökum birkibrúskum. Umhverfisáhrif verði helst þau að gróðurlendi tapast, sem síðar verði endurheimt við frágang í verklok. Breytingar verði einnig á landformi en dregið verði úr þeim áhrifum með snyrtilegum frágangi og því að fella jaðra námusvæðis að óhreyfðu landi.

Í ljósi reynslunnar sé lítil hættu á uppfoki frá námusvæðinu. Vegna smæðar svæðisins verði áhrif á dýralíf hverfandi.

Áhrif á menningarmínjar. Fram kemur að á höfðanum vestan við svæðið séu fornminjar sem skráðar séu í fornleifaskrá fyrir Egilsstaði. Á teikningu sjáist staðsetningar minjanna og grasi grónir garðar (SM26:026) sjást vel á loftmynd. Mörk framkvæmdasvæðis séu miðuð við að vera næst honum í 75 metra fjarlægð og aðrar minjar séu fjær.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að svæðið sé merkt sem námusvæði (E102) á gildandi aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs og umhverfis það sé landbúnaðarsvæði. Svæðið er fjarri verndarsvæðum skv. sama skipulagi og lögum um náttúruvernd.

Vinnslutilhögun og frágangur. Fram kemur að svæðið sé þakið u.þ.b. eins metra lagi af fokmold. Undir því sé síðan lítið lagskipt, mjög sandrík mól í 4-6 m þykku lagi ofan á þéttri móhellu eða jökulurð. Miðað við notkun efnis úr námunni á næstliðnum árum megi reikna með að hún verði í notkun næstu tuttugu til þrjátíu árin. Áætlaður rekstrartími sé þó mikilli óvissu háður, stórt verkefni geti tekið nokkra ársskammta á einu sumri. Reiknað sé með að vinna námuna í 40-50 m breiðum reinum hornrétt inn frá núverandi námusvæði. Svarðlagi, 20-25 sm þykku, verði ýtt ofan í núverandi námu og haugsett þar, en því sem eftir standi verði rutt til beggja hliða og skilið eftir í u.þ.b. 3,5 m háum garði þeim megin sem ekki hefur verið tekið efni, en hinum megin ofan í notaða rein ef hún sé fyrir hendi. Þess verði gætt að ekki verði farið með ofanafýtingu út fyrir mörk námusvæðis.

Þegar vinnslu úr reinum sé lokið verði ofanafýtingu jafnað yfir þær og upp í kanta með fláa u.þ.b. 1:2,5. Svarðlagi verði jafnað yfir ofanafýtingu og áburður borin á til að auðvelda uppkomu staðargróðurs. Á vinnslutíma verði núverandi námu smám saman lokað á sama hátt. Frágenginn botn námusvæðisins verði látinn halla lítillega til norðurs. Að frágangi loknum sé ætlunin að svæði líti út líkt og hvammur í móanum sem opnast til norðausturs. Gróður verði væntanlega mest grös og blómjurtir auk þess sem reikna megi með að birkikjarr, sem þegar sé farið að breiða úr sér í aðliggjandi móa, festi þarna auðveldlega rætur.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Fljótsdalshéraðs, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Austurlands og Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé líklegt að framkvæmdirnar muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því ekki tilefni til að meta umhverfisáhrif þeirra.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins bendir á að fornleifaskráningin sé orðin 15 ára gömul. Reynslan sýni að GPS-mælingar sem gerðar hafi verið til að staðsetja minjar á þessum tíma séu ónákvæmar og geti skekkjan verið töluverð. Þótt ekkert bendi til að fyrirhuguð stækkun efnistökusvæðisins á Kollsstaðamóum muni raska fornleifum telji Fornleifavernd ríkisins mikilvægt að svæðið verði skoðað áður en framkvæmdir hefjist. Starfsmaður Fornleifaverndar ríkisins, minjavörður Austurlands, muni skoða svæðið þegar tækifæri gefst en eins og staða er nú er allt á kafi í snjó og erfitt að greina fornleifar á jörðinni. Finnist fornleifar sem fyrirhugaðar framkvæmdir kunni að ógna muni Fornleifavernd ríkisins ákveða til hvaða mótægisaðgerða þurfi að grípa.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að 75 metra línan frá efnistökusvæðinu sé sett út frá gördunum eins og þeir sjáist á loftmynd. Hnit samkvæmt fornleifaskrá séu fjær. Framkvæmdaraðili geri engar athugasemdir við umsögn Fornleifaverndar og litlar líkur séu til að eitthvað ýti á stækkun námusvæðisins áður en minjaverði gefist tækifæri til að skoða svæðið.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða stækkun á námu sem hafi verið opin í mörg ár á Kollsstaðamóum, í landi Egilsstaða 2/Kollstaða á Fljótsdalshéraði. Sótt verður um leyfi til að taka efni á 21.000 m² til viðbótar alls 80.000-100.000 m³. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif á gróður og dýralíf verði fremur lítil og staðbundin. Sjónræn áhrif verði nokkur á rekstartíma en gangi áform framkvæmdaraðila um frágang svæðis í verklok eftir verði áhrifin óveruleg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Verkfræðistofu Austurlands við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Verkfræðistofu Austurlands vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að stækkun efnistökusvæðisins á Kollstaðamóum á Fljótsdalshéraði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Fljótsdalshéraðs skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir deiliskipulag svæðisins. Deiliskipulagið er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 12. janúar 2013.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Skipulags
stofnun